

Til minnis fyrir rafmagnsnotendur:

Ihaldið notar vísitölulækkunina til að hirða 4,2 millj. kr. er kaupið lækkar

Ihaldið felldi á bæjarstjórnarfundum sl. laugardag að lækka rafmagnsverðið um 12%, eins og því bar þó skylda til eftir að vísitalan hafði verið skorin niður í 175 stig.

Ihaldið fékk heimild til að hækka rafmagnsverðið um 6% í hvert skipti sem vísitalan hækkaði um 10 stig. Þannig hafði rafmagnsverðið verið hækkað 4 sinnum eða alls um 24% síðan í janúar 1956. Síðustu tvær hækkanirnar voru af völdum vísitölulækkunar úr 175 stigum í 195 stig, eða 12% álag samtals.

Um þessi 12% átti nú tvímælalaust að lækka rafmagnið, eftir að vísitalan hafði verið lækkuð í 175 stig, eða um sömu upphæð

og skapaði íhaldinu grundvöllinn fyrir 12% hækkuninni á sínum tíma.

En íhaldið í bæjarstjórn undir forustu Gunnars borgarstjóra neitaði að virða lækkun vísitölunnar í verki og samþykkti aðeins 6% lækkun, en felldi tillögu Alþýðubandalagsins um 12% lækkun á rafmagnsverðinu.

Með þessari afgreiðslu hefur Rafmagnsveitan nær 20 millj. kr. í rekstursafgang. 4,2 millj. af þeirri upphæð eru ranglega teknar af rafmagnsnotendum í Reykjavík, með því að halda 6% hækkun á rafmagnsverðinu, sem allar forsendur eru fallnar undan.

Að þessu óþökkaverki gagnvart reykviskum rafmagnsnotendum standa

stjórnarflokkarnir saman. Magnús XI. fylgdi íhaldinu að verkj í bæjarstjórninni í gær, og Gunnar Thoroddsen lýsti því hreykinn yfir, að Emil Jónsson forsætisráðherra væri samþykkur þessari afgreiðslu málsins og myndi staðfesta gjaldskrá Rafmagnsveitunnar, með þessum ránsfeng.

Þannig líta „verðlækkarnir“ stjórnarflokkanna út í verki. Þetta er það sem snýr að almenningi eftir að farið hefur verið ránshendi um kaupgjaldið. Engin furða þótt Morgunblaðið sé hrifið og Alþýðublaðið kunni sér ekki læti út af „hugrekki og dirfsku“ ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins.

Meðalafli í róðri 1.7 tonnum hærri nú í Sandgerði en í fyrra

Sandgerði. Frá fréttaritara Þjóðviljans.

Frá 1. jan. til 28. febr. s.l. höfðu 19 Sandgerðisbátar aflað samtals 3035,8 lesta af fiski í samtals 398 róðrum. Á sama tíma í fyrra höfðu borizt á land í Sandgerði 3332 lestin í 565 róðrum. Meðalafli í róðri nú hefur því verið 7,6 lestin en var 5,9 lestin á sama tíma í fyrra.

Víðir II. er aflahæstur með 301090 kg í 27 róðrum, Guðbjörg önnur með 232750 kg í 26 róðrum og Helga þriðja með 228185 kg í 26 róðrum.

Afli einstakra báta er annars sem hér segir:

Bátur.	kg.	sk.	róðrar	
M. b. Agústa	70,080	116	14	ósl.
— Faxi	97,625	162	16	—
— Guðbjörg	232,750	464	26	sl.
— Hamar	226,205	377	26	ósl.
— Hrönn	116,435	194	21	—
— Hrönn II.	115,970	193	18	—
— Magnús Marteinss.	128,425	214	21	—
— Muninn	175,150	350	25	sl.
— Muninn II.	137,365	228	21	ósl.
— Mummi	220,360	367	25	—
— Pétur Jónsson	268,805	448	26	—
— Stefán Þór	130,605	217	24	—
— Steinunn gamla	127,300	212	19	—
— Rafnkell	250,715	417	26	—
— Helga	228,185	456	26	sl.
— Smári	131,920	219	21	ósl.
— Dúx	59,170	98	11	—
— Særun	17,535	29	5	—
— Víðir II.	301,090	501	27	—
Samtals 1959:	3035,800	5467	398	7,6 tonna afli í sjóferð.
Samtals 1958:	3332,000		565	5,9 tn. afli í sjóferð.

Leikfélag Njarðvíkur sýnir „Á elleftu stundu“

Á fimmtudaginn kemur frumsýnir Leikfélag Njarðvíkur enska gamanleikinn „Á elleftu stundu“. Leikur þessi hefur ekki verið sýndur áður hér á landi. Þýðandi er Sverrir Haraldsson.

Leikstarfsemi hófst í Njarðvíkum veturinn 1956—1957

með því að Helgi Skúlason leikari starfrækti þar leikskóla. Í fyrra vetur sýndi Leikfélagið svo leikritið „Misheppnaðir hveitibrauðsdagar“. Var Helgi leikstjóri þess og var það sýnt alls 17 sinnum, bæði um Suðurnes, fyrir austan fjall og uppi í Borgarfirði.

Leiknum „Á elleftu stundu“ er leikstýrt af Helga Skúlasoni, en með aðalhlutverkin fara þau Eggert Ólafsson, Jóna Margeirsdóttir og Sævar Hallgrímsson.

Aðalfundur Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps

Sandgerði. Frá fréttaritara Þjóðviljans.

Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps í Sandgerði hélt aðalfund sinn seint í janúar. Stjórn félagsins var endurkosin og skipa hana: Maron Björnsson, formaður, Sigurður Magnússon, varaformaður, Margeir Sigurðsson, ritari, Bjarni G. Sigurðsson, gjaldkeri, Kristinn Lárusson, meðstjórnandi.


Aðalfundurinn samþykkti að hækka ársgjald félagsmanna úr 140 í 160 krónur. — Fundurinn var fjölsóttur og urðu fjórir umræður um efnahagsmálin.

Verkalýðsfélagið hélt 10 ára afmæli sitt hátíðlegt í samkomuhúsinu um miðjan janúar. Þar flutti formaður félagsins, Maron Björnsson, ræðu og auk þess voru ýmis skemmtiatriði. Hátíðin var fjölsótt og fór þrýðilega fram.

Landbúnaðarvörur keyptar frá Bandaríkjunum fyrir 36 milljónir

Þriðjudaginn, 3. marz var gerður samningur á milli ríkisstjórna Bandaríkjanna og Íslands um kaup á bandarískum landbúnaðarafurðum gegn greiðslu í íslenskum krónum. Samninginn undirrituðu John J. Muccio, sendiherra Bandaríkjanna, og Guðmundur Í. Guðmundsson, utanríkisráðherra.

Hér er um að ræða samskonar samning og gerður hefur verið undanfarin tvö ár við ríkisstjórn Bandaríkjanna. Samkvæmt samningnum frá 1957 hafa verið keyptar til landsins afurðir fyrir um 43 milljónir króna, og búizt er við, að samkvæmt samningnum frá 1958 verði keyptar afurðir



Frá norrænu listiðnaðarsýningunni í París. — Á miðri myndinni sést veggklæði ofið úr íslenskri ull í sauðalitum, eftir Ásgerði Búadóttur.

Ásgrímssýning í listasafninu í Kaupmannahöfn

Listaverk Ásgríms Jónssonar, sem voru í eigu hans er hann lézt eru nú eign ríkisins og verður efnt til sýningar á þeim í listasafninu í Kaupmannahöfn.

Nokkur olufálverkanna voru send listasafni danska ríkisins (Statens Museum for Kunst) til hreinsunar og viðgerðar eftir að sérfræðingur frá safninu, herra Paul Lunde, hafði athugað myndirnar hér. Nú hefur danska listasafnið farið fram á að mega sýna myndirnar, ásamt hinni stóru Heklumynd Ásgríms, sem er í eign Listasafns ríkisins, en myndin var í Kaupmannahöfn til viðgerðar. Var fúslega orðið við þeirri beiðni þar sem slík sýning verður að teljast mikill heiður, því að í Statens Museum for Kunst eru aðeins sýnd verk þekktra

listamanna. Voru safninu sendar nokkrar vatnslitamyndir héðan til viðbótar, svo að alls munu verða á þessari sýningu 20—30 myndir.

Sýningin verður væntanlega opnuð einhvern næstu daga. (Frá menntamálaráðuneytinu).

Fjöltefli í Sandgerði

Sandgerði. Frá fréttaritara

Taflfélag Sandgerðis hélt skákmót í haust með almenningi og góðri þátttöku. Sigur bar úr bítum Jón Júlíusson, náði 16 vinningum af 17 mögulegum, og varð þar með skákmeistari Sandgerðis. Þá réðist taflfélagið í að fá Friðrik Ólafsson stórmeistara til að tefla fjöltefli. Var teflt á 31 borði. Friðrik vann 28 skákir, gerði 1 jafntefli og tapaði 2. Þeir sem unnu Friðrik voru Einar Júlíusson og Sigursveinn Bjarnason. Jafnteflinu náði Sandgerðismeistarin Jón Júlíusson. Friðrik Ólafsson lét þau orð falla að skákmenn í Sandgerði væru sízt veikari en á öðrum stöðum, þar sem hann hefði teflt fjöltefli og hvatti skákmennina til að æfa sig sem best.

Koma stórmeistarans var mikil lyftistöng fyrir skáklífið hér og eru Sandgerðingar honum mjög þakklátir fyrir komuna.

Framhald á 2. síðu.